

Alþingi  
Erindi nr. P 139/384  
komudagur 25.11.2010



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssona  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt. (80.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í stofnun samvinnuráðs um þjóðarsátt.*

Viðskiptaráð fagnar hugmyndum um stofnun samvinnuráðs þar sem stjórn málaflokka og hagsmunaaðilar koma saman til að ræða og finna lausnir á þeim málum sem hvíla þyngst á samfélaginu. Löngu tímabært er að koma á samstarfi og viðræðum milli allra stjórn málaflokka og hagsmunaaðila, þar sem allir koma sínum sjónarmiðum að og vinna sameiginlega að þeirri lausn sem þjónar þjóðinni sem heild. Það verður þó að beina því til þeirra sem að samvinnuráði munu standa að grunnur árangurs af slíku ráði er að vel sé staðið að samstarfi aðila og að sjónarmið allra líti dagsins ljós.

Viðskiptaráð telur að áherslur nefndarinnar megi vera með breyttum hætti en fram kemur í ofangreindri tillögu. Þau markmið sem koma fram í tillögunni eru víðtæk og yfirgripsmikil. Það verður að telja líklegra til árangurs og sátta að taka fyrir þau mál sem er hvað brýnast að lausn náist með þjóðarhagsmuni að leiðarljósi og með því sniði að raunhæft verði að ná slíkum markmiðum. Vinna samvinnuráðs á að vera lausnamiðuð og taka á því sem ekki getur beðið lausnar lengur.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands